



Niðurstaða úr fyrsta hluta – mál- og talproski

Nafn: _____

Dagsetning: _____ Aldur: _____ Stig _____

Niðurstaðan er í eða yfir meðallagi (41–100%)

Niðurstaðan sýnir að mál- og talproski barnsins er í samræmi við það sem algengast er hjá jafnöldrum eða betri. Barnið þarf ekki íhlutun vegna þessa hluta skimunarinnar.

Hvað gerist næst?

Foreldrar og leikskólakennarar halda áfram að styðja málþroska barnsins.

Hvað geta foreldrar gert heima?

Lesi reglulega með barninu og gefa því tækifæri til að velja bækur og tala um myndirnar.

Spjalla saman í daglegum athöfnum og gefa barninu tíma til að segja frá, spyrja og svara.

Fylgja áhuga barnsins og bæta við nýjum orðum og upplýsingum inn í leikinn.

Endurtaka og lengja það sem barnið segir.

Syngja, fara með þulur, leika með orð og hljóð.

Takmarka skjánotkun því hún tekur tíma frá samtölum, leik, lestri og samveru.

Eftirfylgd

Ekki er talin þörf á sérstakri eftirfylgd vegna niðurstöðu á þessum hluta. Mikilvægt er að foreldrar haldi áfram að fylgjast með málþroska barnsins í samvinnu við leikskóla.

Fjölbýngd börn

Mælt er með að foreldrar tali við barnið á því tungumáli sem þeir kunna best og styðjist við úrræði sem finna má hér að ofan á sínu heimamáli. Gæta þarf þess að íslenskan sé velkomin á öllum heimilum.

Mikilvægt

LANIS er skimun en ekki greining. Niðurstöðuna á alltaf að skoða með öðrum upplýsingum um barnið.